



N NEYÐARMÓTTAKA

vegna kynferðisofbeldis á
bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi

Sími: 543 2000

Nánar á www.lsh.is/bradamottokur

Best er að hringja fyrir komu en einnig er hægt að koma beint á bráðamóttökuna eða biðja um aðstoð lögreglu.

Fyllsta trúnaðar er gætt

Þjónusta Neyðarmóttökunnar er:

- Fyrir þá sem hafa verið beittir kynferðisofbeldi (nauðgað eða tilraun gerð til nauðgunar)
- Ókeypis
- Óháð því hvort þú kærir brotið eða ekki
- Forgangspjónusta
- Valbundin – þú ræður hvort þú þiggur alla þá þjónustu sem er í boði eða hluta hennar

Mikilvægt er að leita sér aðstoðar sem allra fyrst til að auka líkur á að finna sakargögn.

Mikilvægt er að fara ekki í bað, hvorki þvo né fleygja fötum, bindum, tíðartöppum, verjum né öðrum mögulegum sakargögnum áður en skoðun og sýnataka fer fram.

Þjónustan sem stendur til boða er valbundin

Ráðgjöf og stuðningur

- Hjúkrunarfræðingur tekur á móti þér við komu, veitir ráðgjöf og stuðning.

Læknisskoðun

- Tilgangur er að tryggja velferð þína, sinna áverkum og vernda gegn smitun og þungun.

Réttarlæknisfræðileg skoðun

- Ítarleg læknisskoðun til að afla lífsýna, sakargagna, meta, skrá og taka myndir af áverkum.

Aðstoð lögmanns/réttargæslumanns

- Veittar eru upplýsingar um málsleiðir í réttarkerfinu, hvort sem þú ætlar að kæra málið eða ekki.
- Réttargæslumaður er viðstaddur skýrslutöku, undirbýr miskabótakröfu og fylgir málinu eftir.

Sálfræðiaðstoð

- Veittur er áframhaldandi sálrænn stuðningur og ráðgjöf fyrir þig og þína nánustu eftir þörfum. Boðin er meðferð vegna afleiðinga áfallsins.



Aðrir sem geta hjálpað:

Stígamót, sími: 562 6868

Kvennaathvarfið, sími: 561 1205

Barnahús, sími: 530 2500

Hjálparsími Rauða krossins: 1717

Lögreglan, sími: 444 1000

Neyðarlínan, sími: 112

N NEYÐARMÓTTAKA
vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku
Landspítala í Fossvogi • Sími 543 2000
neydarmottaka@landspitali.is
www.landspitali.is/bradamottokur

Útg. 2012, uppf. 2016